

Ed.

110. Breytingartillögur

[23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 1. gr. Framan við gr. bætist:

1. Á eftir A. 12 í 2. gr. laganna bætist nýr liður:
Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut austan Torfastaða að Bólsheiði vestan við Ból.
2. Á eftir A. 20 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
 - a. *Sólheimavegur*: Frá Skeiða- og Hreppavegi hjá Hruna um Sólheima og Hlíð á Gnúpverjaveg við Kálfá.
 - b. *Skarðsvegur*: Frá Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.